

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

14. febrúar 2013  
Tilvísun: 2013010293/10.4

**Efni: Umsögn við frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar (heildarlög, EES-reglur, 439. mál)**

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts frá Nefndasviði Alþingis, dags. 28. janúar sl., þar sem óskað var umsagnar við frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar (heildarlög, EES-reglur), 439. mál. Frumvarpi þetta er nú lagt fram í þriðja sinn en áður var það lagt fram á 139. löggjafarþingi (þskj. 1230, 711 mál) og 140. löggjafarþingi (þskj. 1171, 733 mál). Hefur frumvarpið tekið nokkrum breytingum við hverja framlagningu þess. Fjármálaeftirlitið skilaði inn umsögnum við bæði framangreind þingskjöl og vísar til þeirra eftir því sem við á.

Eftirfarandi eru athugasemdir Fjármálaeftirlitsins við einstakar greinar frumvarpsins:

**12. gr.**

1. mgr.: Í 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um að falli váttrygging ökutækis úr gildi skv. 1. mgr. 11. gr. þá verði lagt á eiganda þess mánaðarlegt vantryggingargjald frá þeim degi er tilkynning barst. Við niðurfellingu váttrygginga skv. 1. mgr. 11. gr. er kveðið á um tilkynningu viðkomandi váttryggingafélags til eiganda ökutækisins og eftir atvikum umráðamanns og Umferðarstofu. Ekki er kveðið á um tilkynningu til þess stjórnvalds sem ætlað er að hafa umsjón með álagningu og innheimtu vantryggingagjaldsins enda er það stjórnvald með öllu óþekkt sbr. lokamálsgrein 12. gr. þar sem kveðið er á um að ráðherra sé heimilt að fela öðru stjórnvaldi álagningu og innheimtu gjaldsins. Óljóst er því með hvaða hætti viðkomandi stjórnvaldi verði gert vart um niðurfellingu váttryggingar.

Jafnframt er kveðið á um álagningu vantryggingagjaldsins frá þeim degi er tilkynning barst. Ekki er skýrt hvaða tilkynningu er um að ræða en væntanlega er átt við tilkynningu skv. 11. gr. um niðurfellingu váttryggingar. Í 1. mgr. 11. gr. er annars vegar kveðið á um tilkynningu skv. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga þar sem kveðið er á um 14 daga greiðslufrest frá útsendingu tilkynningar og hins vegar tilkynningu skv. 2. mgr. 32. gr. sömu laga þar sem kveðið er á um a.m.k. 7 daga greiðslufrest. Álagning vantryggingargjalds frá þeim degi sem tilkynning skv. 1. mgr. 11. gr. barst er því í ósamræmi við þá fresti sem þar er kveðið á um.

Málsgreininin kveður einnig á um að vantryggingargjaldið sé mánaðarlegt gjald sem skv. 2. mgr. geti numið 10 þús. kr. til 25. þús. kr. Fjármálaeftirlitið telur að það þarfnist nánari skýringa hvort að um hlutfallslegt gjald geti verið um að ræða ef að vantrygging ökutækis varir í styttri tíma en sem nemur einum mánuði.

5. mgr.: Í þessari grein er kveðið á um hlutverk lögreglu til þess að hindra notkun óváttryggðra ökutækja. Í frumvarpinu er ekki kveðið á um með hvaða hætti lögregla verði



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

upplýst um óváttryggð ökutæki, sem hlýtur að vera nauðsynlegt til þess að lögregla geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt greininni.

**9. mgr.:** Greinin kveður á um heimild til að halda úti vefsíðu þar sem birt eru skráningarnúmer og tegundarlýsing þeirra ökutækja sem á hvílir vantryggingagjald hverju sinni. Ekki er kveðið á um hvaða aðila sé heimilt að halda slíka vefsíðu, þ.e. hvort viðkomandi váttryggingafélögum sé það heimilt eða því stjórnvaldi sem ætlað er að hafa umsjón með álagningu og innheimtu vantryggingargjaldið. Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt að slík tilgreining komi fram í lögnum og að eðlilegt sé að slík vinnsla sé á forræði þess stjórnvalds sem sér um álagningu og innheimtu vantryggingargjaldsins. Þá er bent á að vinnsla og birting slíkra upplýsinga gætu talist persónuupplýsingar í skilningi 1. tölul 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og þyrfti því að gæta að ákvæðum nefndra laga í tengslum við vinnslu þeirra.

**12. mgr.:** Tiltekið er hér að ofan að ekki sé ljóst hvaða stjórnvaldi verði falin álagning og innheimta vantryggingargjalds samkvæmt ákvæðinu. Af 12. mgr. má hins vegar ráða að það hlutverk hvíli á ráðherra sbr. orðalagið „ráðherra er heimilt að fela öðru stjórnvaldi álagningu og innheimtu vantryggingargjalds.“ Fjármálaeftirlitið bendir á að samkvæmt 11. mgr. ákvæðisins er kærheimild til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og því getur vart komið til greina að sama stjórnvald sjái um álagningu gjaldsins. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að það væri til bóta að tilgreina það stjórnvald í lögnum sjálfu, sem ætlað er framangreint hlutverk.

### **23. gr.**

Í ákvæðinu er fjallað um þær reglugerðir sem ráðherra er annars vegar skylt að setja og hins vegar þær reglugerðir sem ráðherra er heimilt að setja. Samkvæmt d og e-lið 2. mgr. 23. gr. er ráðherra heimilt að setja reglugerð um tjónsuppgjörsmiðstöð, tjónsuppgjörfulltrúa og upplýsingamiðstöð skv. 16. og 17. gr. frumvarpsins. Núgildandi reglugerð um þetta efni er nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatrýggingar og mun hún halda gildi sínu skv. 26. gr. frumvarpsins þar til ný reglugerð um efnið hefur verið sett. Fjöldi ákvæða sem nú er að finna í framangreindri reglugerð eru tekin upp í frumvarpi þessu og því ljóst að nauðsynlegt er að endurskoðun fari fram á framangreindri reglugerð. Þar sem efnisákvæði þau sem nefnd eru í d og e-lið 2. mgr. 23. gr. frumvarpsins byggja á 7. kafla tilskipunar nr. 2009/103/EB telur Fjármálaeftirlitið að nauðsynlegt sé að ráðherra verði gert skylt að setja reglugerðir um efnið en ekki heimilt eins og nú er kveðið á um.

### **24. gr.**

Fjármálaeftirlitið fagnar því að skorið hafi verið úr því með afgerandi hætti í frumvarpinu að eftirlit þess lúti eingöngu að eftirlitsskyldum aðilum skv. lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, en í 2. gr. þeirra laga er talið upp hverjir teljist til eftirlitsskyldra aðila. Fjármálaeftirlitið bendir á að eftirlit þess er allsherjaréttarlegs eðlis, þ.e. að hinir eftirlitsskyldu aðilar fylgi gildandi lögum, reglum og reglugerðum í starfsemi sinni og fari eftir eðlilegum og heilbrigðum starfsháttum í hvívetna. Einkaréttarleg úrræði sem m.a. varða ágreining um bótaskyldu, sakarskiptingu o.fl. vegna tjóna sem verða vegna notkunar ökutækis heyra hins vegar undir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sbr. 141. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og dómstóla.

### **Annað:**

Fjármálaeftirlitið bendir á að á nokkrum stöðum í tilskipun 2009/103/EB, þ.e. inngangsorðum 40 og 47 og ákvæðum 22 og 27, er fjallað um aðildarríkjunum beri að innleiða viðeigandi viðurlagaákvæði sé brotið gegn einstökum ákvæðum tilskipunarinnar. Eins og frumvarp



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Þetta liggur fyrir er ekki kveðið á um viðurlög vegna þeirra atriða sem tilskipunin fjallar um. Slík ákvæði er ekki heldur að finna í annarri innlendri löggjöf. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið ber aðildarríkjum að EES samningnum að taka upp í landsrétt þær gerðir sem vísað er til í viðaukum samningsins. Með vísan til framanritaðs telur Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að huga að nefndum ákvæðum tilskipunarinnar.

Fjármálaeftirlitið er reiðubúið að veita nánari upplýsingar og að koma á fund Efnahags- og viðskiptanefndar verði þess óskað.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

*Halldóra E. Ólafsd.*  
Halldóra E. Ólafsdóttir

*Guðrún Áslaug Jósepsd.*  
Guðrún Áslaug Jósepsdóttir